

Laugalandsskóli í Holtum
Sjálfsmatsskýrsla 15. hluti



Könnun á líðan nemenda og starfsfólks

Skólaárið 2019-2020
Þuríður Lilja Valtýsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Niðurstöður	
Nemendur	4
Starfsfólk	8
Lokaorð og leiðir til úrbóta	13
Fylgiskjal 1 Spurningalisti til nemenda	15
Fylgiskjal 2 Spurningalisti til starfsfólks	17

Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum einkum þrjúþætt: „Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár. Í öðru lagi að auka gæði skólustarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólustarfið, árangur þess og þróun“. (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, s. 26-27).

Mat á skólustarfi í grunnskóla er tvenns konar: Annars vegar er svokallað ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Hins vegar er mat sem skólar annast sjálfir og hefur verið kallað innra mat eða sjálfsmat.

Innra mat á árangri og gæðum skólustarfs í hverjum skóla þarf að vera kerfisbundið. Hægt er að fara ýmsar leiðir við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að kerfið sem unnið er með henti viðkomandi skóla. Hver skóli þróar eigin aðferðir með hliðsjón af sérstöðu skólans og þeim áherslum og markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá. Þær aðferðir sem notaðar eru við matið ráðast síðan af þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Á vefsvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru tilgreind viðmið sem ráðuneytið telur rétt að horfa til við innra mat eða sjálfsmat grunnskóla:

Slíkt mat skal vera altækt (þ.e. ná til allra þátta skólustarfsins); formlegt (þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum); áreiðanlegt (þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum); samstarfsmiðað (þ.e. allir sem starfa við skólann þurfa að koma að matinu); umbótamiðað (áætlanir um umbætur byggðar á matinu þurfa að koma fram); stofnana- og einstaklingsmiðað (þ.e. taka bæði til skólans í heild og til þeirra sem þar vinna); lýsandi (þ.e. lýsa þarf starfsemi skólans í matsskýrslu); greinandi (þ.e. greina þarf styrkleika og veikleika í einstökum þáttum skólustarfsins); og opinbert (þ.e. matsskýrslu þarf að birta opinberlega).

<http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/nr/6226>

Þessi viðmið eru jafnan höfð til hliðsjónar við innra mat á árangri og gæðum skólustarfs í Laugalandsskóla. Mismunandi aðferðir eru notaðar við matið. Spurningalistakannanir eru notaðar þar sem það á við, til dæmis við mat á líðan nemenda og starfsfólks sem gert er á hverju ári.


Þar sem ein mikilvægasta forsenda þess að fólk geti lagt sig fram við vinnu er talin vera vellíðan á vinnustað, var á sínum tíma ákveðið að athuga líðan nemenda og starfsfólks Laugalandsskóla á hverju ári. Skólaárið 2019-2020 var könnun lögð fyrir nemendur og starfsfólk í október 2019. Könnunin var nafnlaus og lagði sami aðili könnunina fyrir alla nemendur. Starfsfólk skólans svaraði könnuninni og skilaði svörum í þar til gerðan kassa. Niðurstöður voru svo skráðar í SPSS forrit sem nýtt var við úrvinnslu gagna.

Niðurstöður


Nemendur

Haustið 2019 voru 76 nemendur í skólanum. Könnunin var lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk en nemendur í þessum árgöngum eru alls 48; 22 piltar og 26 stúlkur. Tveir nemendur svöruðu ekki könnuninni.

Í niðurstöðum sjáum við að 28,3% nemenda líður mjög vel, 43,5% frekar vel og 23,9% sögðu hvorki né. 4,3% nemenda segja að sér líði frekar illa í skólanum. Engum nemanda líður mjög illa í skólanum (mynd 1). Þá sögðu 30,4% nemenda að þeim líði mjög vel í kennslustundum og 32,6% frekar vel. 28,3% segjast hvorki líða vel né illa, 6,5% líður frekar illa og 2,2% líður mjög illa í kennslustundum (mynd 2).




Mynd 1




Mynd 2

Við spurningunni um líðan nemenda í úti-
frímínútum svöruðu 47,8% að þeim líði mjög vel,
39,1% líður frekar vel og 10,9% svara hvorki né.
Engum líður frekar illa en 2,2% mjög illa (mynd
3). Þegar kemur að svörum um líðan í inni-
frímínútum svara 54,3% nemenda að þeim líði mjög
vel, 37% frekar vel og 6,5% segja að sér líði hvorki vel né illa.
Engum líður frekar illa en 2,2%
nemenda svara að sér líði mjög illa í inni-
frímínútum (mynd 4).




Mynd 3




Mynd 4

Þegar við skoðum líðan í búningsklefa sjáum við að 34,8 líður mjög vel og 39,1% frekar vel. Svo eru 13% sem segja að sér líði hvorki vel né illa. 10,9% segja að þeim líði frekar illa og þá líður 2,2% nemenda mjög illa í búningsklefa (mynd 5).



Mynd 5

Í matsal er niðurstaðan sú að 45,7% nemenda líður mjög vel og 43,5% frekar vel. 10,9% svara hvorki vel né illa en engum líður frekar illa eða mjög illa í matsal (mynd 6).




Mynd 6

Í íþróttasal eru 58,7% nemenda sem svara að þeim líði mjög vel, 30,4% frekar vel og 4,3% svara hvorki vel né illa. 4,3% segja að sér líði frekar illa og 2,2% mjög illa (mynd 7). Í svörum nemenda um líðan í sundlauginni eru 45,7% sem líður mjög vel og 32,6% frekar vel. 10,9% líður hvorki vel né illa í sundlauginni, 6,5% frekar illa og 4,3% mjög illa (mynd 8).




Mynd 7




Mynd 8

Á mynd 9 má sjá svör nemenda við spurningunni hvernig þeim líður í skólabílnum. Niðurstaðan var sú að 54,3% nemenda líði mjög vel í skólabíl, 26,1% frekar vel og 6,5% segja hvorki né. 4,3% nemenda svara að þeim líði frekar illa í skólabíl. 8,7% nemenda koma ekki með skólabíl.



Mynd 9

Nemendur voru inntir eftir því hvort þeim þyki gerðar miklar eða litlar kröfur til þeirra í skólanum. Svöruðu 19,6% nemenda því að kröfurnar væru mjög miklar og 21,7% frekar miklar. 47,8% finnst kröfurnar hæfilegar. Þá sögðu 4,3% að þær væru frekar litlar og 4,3% finnst kröfurnar mjög litlar (mynd 10).



Mynd 10

Að lokum voru nemendur spurðir hvort þeim finnst vinnufriður í bekknum mikill eða lítill. Mjög mikill sögðu 19,6% nemenda, 15,2% finnst hann frekar góður og 37% svöruðu bæði og. 10,9% nemenda segja vinnufrið vera frekar lítinn og 17,4% segja að vinnufriður sé mjög lítill (mynd 11).




Mynd 11

Niðurstöður

Starfsfólk


Veturinn 2019-2020 voru 17 starfsmenn í 50% starfi eða meira. Könnunin var lögð fyrir þá og tóku allir þátt nema einn. Spurningarnar voru 11 talsins og reynt að leita svara um líðan alls starfsfólks við störf sín. Við skóla eru unnin ólík störf og því svara sumir spurningum sem aðrir svara ekki.

Ef við skoðum fyrstu spurningu um líðan í vinnunni, þá svara 56,3% að þeim líði mjög vel, 37,5% svara frekar vel og 6,3% svara bæði og. (mynd 11).




Mynd 11

Hér má sjá hvernig starfsmönnum líður í kennslustundum. 50% starfsmanna segja að þeim líði mjög vel í kennslustundum, 25% líður frekar vel og 6,3% segja bæði og. Þessi spurning á ekki við 18,8% starfsfólks (mynd 12).



Mynd 12

Skólastjórnendur ráða fastri viðveru starfsfólks. Það er tími sem þeir ráðstafa til vinnu fyrir skólann og undir þennan tíma fellur til dæmis undirbúningur, samskipti við heimili, vinna með umsjónarþekkjum, nemendaviðtöl, skýrsluvinna o.fl. Þessi störf eru einungis fyrir kennara skólans en ekki annað starfsfólk. Af þeim kennurum sem tóku afstöðu til þessa eru 37,5% sem líður mjög vel og 25% svara frekar vel, 25% segja bæði og en spurningin á ekki við 12,5% starfsfólks (mynd 13).




Mynd 13

Þegar spurt er um líðan í frímínútum/kaffitímum þá svara 68,8% starfsmanna að sér líði mjög vel og 31,3% svara frekar vel (mynd 14).




Skoðum næst hvernig starfsfólki líður við gæslu. Við útigæslu líður 25% mjög vel, 25% frekar vel og 18,8% bæði og. Í tilviki 31,3% starfsmanna átti spurningin ekki við (mynd 15). Í innigæslu svöruðu 37,5% því að sér liði vel, 31,3% frekar vel og 6,3% bæði og. Spurningin átti ekki við 25% starfsmanna (mynd 16). Gæsla í matsal er hjá 25% starfsmanna aðstæður sem þeim líður mjög vel í og 31,3% frekar vel. 12,5% svara bæði og. Spurningin átti ekki við 6,3% starfsmanna og 6,3% svöruðu ekki spurningunni (mynd 17).



Mynd 15




Mynd 16




Mynd 17

Skoðum nú spurninguna; er skólinn þægilegur eða óþægilegur vinnustaður? 50% starfsmanna segja skólann mjög þægilegan vinnustað, 37,5% segja hann frekar þægilegan og 6,3% segir bæði og. 6,3% svöruðu ekki (mynd 18).




Mynd 18

Hér má sjá hvernig starfsmönnum finnst kröfur á vinnustaðnum vera. 12,5% starfsmanna finnst gerðar mjög miklar kröfur til sín, 25% segja þær frekar miklar og 56,3% telja þær hæfilegar. Enginn svarar frekar litlar eða mjög litlar og 6,3% svöruðu ekki (mynd 19).




Mynd 19

Þegar við skoðum hvernig starfsmönnum finnst álag á vinnustaðnum vera er niðurstaðan sú að 6,3% svarenda segja álag mjög mikið, 56,3% telja álagið frekar mikið og 31,3% segja álagið hæfilegt. 6,3% svöruðu ekki (mynd 20).



Mynd 20

Að lokum var starfsfólk beðið um að svara hvort því finnst vinnufriður í tímum mikill eða lítill. Þeir sem segja vinnufriður vera mjög mikinn er 12,5% starfsfólks og 12,5% segja vinnufriður frekar mikinn. 37,5% segja bæði og, og 6,3% segja vinnufriður frekar lítinn. 31,3% svöruðu ekki spurningunni (mynd 21).



Mynd 21

Lokaorð – Leiðir til úrbóta

Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um líðan nemenda og starfsfólks í Laugalandsskóla. Í upphafi skýrslu kemur fram að góð líðan er undirstaða þess að fólk geti einbeitt sér við vinnu og nám. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með líðan, meta niðurstöður og bregðast við eins fljótt og auðið er.

Þegar svör nemenda eru skoðuð má sjá að tveimur nemendum líður frekar illa í skólanum. Ýmsar ástæður eru taldar til skýringa, svo sem stríðni, þátttaka í leikritum, dansvikum og öðru þess háttar. Þegar spurt er hvernig nemendum líður í kennslustundum svara 13 nemendur „hvorki né“, þrjú nemendur svara „frekar illa“ og einn svarar „mjög illa“. Dæmi um skýringar eru þungt loft, hávaði og lítill vinnufriður. Fimm nemendur svara spurningunni um líðan í útifríminútum með svarinu „hvorki né“ og einn svarar „mjög illa“. Þar koma fram þær skýringar að það sé kalt úti og að þeir hafi ekkert að gera. Þrjú nemendur svara „hvorki né“ þegar spurt er um líðan í innifríminútum og einn svarar „mjög illa“. Þessar niðurstöður eru brýning til frekari árvekni. Líðan nemenda er þó ætíð persónu- og aðstæðubundin.

Hlutverk umsjónarkennara er m.a. að fylgjast grannt með líðan sinna umsjónarnemenda í skólanum við hvers kyns aðstæður. Á foreldradögum gefst nemendum kostur að ræða málin við kennarann með sínum forráðamönnum. Fyrir foreldradaga fá allir nemendur spurningablað þar sem spurt er um líðan á hinum ýmsu stöðum í skólanum og gefinn er kostur á að svara hvers vegna viðkomandi líður illa, ef svo ber við. Umsjónarkennara er skylt að fylgja öllum slíkum ábendingum eftir. Einnig taka umsjónarkennarar einstaklingsviðtöl fyrir foreldradag hverju sinni – og eru almennt til taks fyrir sína nemendur á skólatíma.

Sex nemendur svara „hvorki né“ þegar spurt er um líðan í búningssklefa, fimm nemendur segja „frekar illa“ og einn segir „mjög illa“. Nemendur segja þessa vanlíðan vera af persónulegum ástæðum. Fimm nemendur svara því til að þeim líði frekar illa/mjög illa í sundlauginni og sömuleiðis eru fimm nemendur sem svara „hvorki né“. Þar er helst kvartað yfir því að laugin sé of köld. Þremur nemendum líður „frekar illa“ eða „mjög illa“ í íþróttasal og tveir svara „hvorki né“. Sérstaklega verður fylgst með nemendum í búningssklefum og sundi og áréttað í Art tímum mikilvægi þess að taka tillit til og geta sett sig í spor annarra. Íþróttakennari hefur verið upplýstur um niðurstöðurnar og fylgist áfram vel með líðan nemenda.

Tveir nemendur svara því til að þeim líði frekar illa í skólabílnum en í gegnum tíðina hefur helst verið kvartað yfir því að bílarnir keyri of hratt, ferðin taki of langan tíma og að bílstjóri bíði ekki nógu lengi eftir þeim og skilji þá eftir. Í sambandi við líðan í matsal er enginn sem svarar „frekar illa“ eða „mjög illa“, en 5 nemendur segja „hvorki né“.

13 nemendur svara því til að þeim finnst vinnufriður í bekknum frekar lítill eða mjög lítill. 17 nemendur svara „hvorki né“. Unnið var frekar með þessar upplýsingar og þær staðsettar eftir bekkjum. Í framhaldinu voru gerðar viðeigandi ráðstafanir.

Í svörum starfsmanna líður öllum mjög vel, frekar vel eða bæði og. Hið sama á við um líðan í frímínútum/kaffitímum, kennslustundum, fastri viðveru og öllum gæslustörfum. Skólinn þykir einnig þægilegur vinnustaður þar sem meiri hluti starfsmanna svarar „mjög þægilegur“ og margir svara „frekar þægilegur“. Flestum starfsmönnum finnast kröfurnar á vinnustaðnum hæfilegar, eða níu manns. Það er ánægjuefni að fá niðurstöður sem þessar. Sex starfsmenn svara „bæði og“ þegar spurt er um vinnufrið í tímum og fjórir svara „mjög mikill“ eða frekar mikill“. Álag í vinnu þykir frekar mikið eða mjög mikið að mati tíu starfsmanna en fimm telja það hæfilegt. Vissulega er krefjandi að vinna við grunnskóla, upp geta komið aðstæður sem eru erfiðar og hafa í för með sér aukið álag. Því er brýnt að fylgjast grannt með líðan starfsmanna eins og gert er með árlegri könnun hér í Laugalandsskóla. Það er ljóst að innra mat á líðan er mikilvægur þáttur sem veitir gagnlegar upplýsingar. Í framhaldi er hægt að gera umbætur og reyna þannig að stuðla að velferð hvers og eins í námi og starfi. Þetta má meðal annars gera í framhaldi af starfsmannaviðtölum.



Spurningalisti til nemenda

Vinsamlega skrifið í athugasemdir ef ykkur liggur eitthvað á hjarta, hvort sem er jákvætt eða neikvætt

<p>1. Ertu piltur eða stúlka</p> <p><input type="checkbox"/> Piltur</p> <p><input type="checkbox"/> Stúlka</p>	<p>2. Í hvaða bekk ert þú?</p> <p><input type="checkbox"/> 9. – 10. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 7. – 8. bekk</p> <p><input type="checkbox"/> 5. – 6. bekk</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í kennslustundum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>5. Líður þér vel eða illa í úti-frímínútum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa í inni-frímínútum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>

<p>7. Líður þér vel eða illa í búning- klefa?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>8. Líður þér vel eða illa í matþal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>9. Líður þér vel eða illa í íþróttal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>	<p>10. Líður þér vel eða illa í sund- lauginni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>11. Líður þér vel eða illa í skólabílnum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Kem ekki með skólabíl</p>	<p>12. Eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín í skólanum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar litlar</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög litlar</p>

13. Finnst þér vinnufridurinn í bekknum mikill eða lítill ?

- Mjög mikill
- Frekar mikill
- Bæði og
- Frekar lítill
- Mjög lítill
- af hverju? _____

Takk fyrir þátttökuna.



Spurningalisti til starfsfólks

Vinsamlega skrifið í athugasemdir ef ykkur liggur eitthvað á hjarta, hvort sem er jákvætt eða neikvætt.

<p>1. Líður þér vel eða illa í vinnunni?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p>	<p>2. Líður þér vel eða illa í kennslu- stundum?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>
<p>3. Líður þér vel eða illa í fastrí viðveru?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>4. Líður þér vel eða illa í neysluleum?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p>
<p>5. Líður þér vel eða illa við gæslu úti?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p>	<p>6. Líður þér vel eða illa við gæslu inni?</p> <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Mjög vel<input type="checkbox"/> Frekar vel<input type="checkbox"/> Bæði og<input type="checkbox"/> Frekar illa<input type="checkbox"/> Mjög illa <p>af hverju? _____</p>

<input type="checkbox"/> Á ekki við	<input type="checkbox"/> Á ekki við
<p>7. Líður þér vel eða illa við gæslu í matsal?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög vel</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar vel</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar illa</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög illa</p> <p>af hverju? _____</p> <p><input type="checkbox"/> Á ekki við</p>	<p>8. Er skólinn þægilegur eða óþægilegur vinnustadur?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar þægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Bæði og</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar óþægilegur</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög óþægilegur</p> <p>af hverju? _____</p>
<p>9. eru gerðar miklar eða litlar kröfur til þín á vinnustadnum?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar miklar</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegar</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar litlar</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög litlar</p> <p>hverju vildir þú breyta? _____</p> <p>_____</p> <p>_____</p>	<p>10. Er mikið eða lítið álag í vinnunni?</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar mikið</p> <p><input type="checkbox"/> Hæfilegt</p> <p><input type="checkbox"/> Frekar lítið</p> <p><input type="checkbox"/> Mjög lítið</p> <p>hverju vildir þú breyta? _____</p> <p>_____</p>

11. Finnst þér vinnufridur í tímum mikill eða lítill ?

- Mjög mikill
- Frekar mikill
- Bæði og
- Frekar lítill
- Mjög lítill
- Af hverju ? _____

Takk fyrir þátttökuna.

